



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Umhverfisstofnun  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

PR/aa

Rvk. 17.01.2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat áætlana, 342. mál.**

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/42/EB um mat á áhrifum tiltekinna framkvæmda á umhverfið. Í frumvarpinu er markmiðið í 1. gr. allt annað en í tilskipuninni sjálfri. Í frumvarpinu er það sett sem meginmarkmið að “draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum” en í tilskipuninni er markmiðið að “stuðla að því að umhverfissjónarmið séu felld inn í undirbúning og samþykkt á skipulags- og framkvæmdaáætlunum”. Engan rökstuðning er að finna í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna orðalagið er annað en í tilskipuninni.

Þegar áætlunum er hrint í framkvæmt geta fylgt þeim margs konar áhrif bæði jákvæð og neikvæð. Vegaáætlanir geta falið í sér neikvæð áhrif t.d. með því að raskað verður ósnortnu svæði og vegur lagður þar sem enginn hefur verið fyrir og því fylgt “veruleg neikvæð umhverfisáhrif” ef litið er til náttúru þessa takmarkaða svæðis. Hins vegar geta áætlarnir haft í för með sér veruleg jákvæð áhrif með því að vegalengdir styttest, mannlíf og búseta á afskekktum svæðum styrkist og með skemmri vegalengdum getur einnig dregið úr mengun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Það er því mikilvægt að heildaráhrif áætlana verði metin en “veruleg neikvæð umhverfisáhrif” verði ekki látin hafa forgang umfram jákvæð áhrif. Því er lagt til að orðalagi 1. gr. frumvarpsins verði breytt til samræmis við orðalag tilskipunarinnar.

Virðingarfyllst,

  
Pétur Reimarsson